

## Sérfræðihópar fatlaðra barna

Ég heiti Hrafnhildur og vinn með umboðsmanni barna.

Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna kemur fram að börn og unglingar eiga rétt á að láta skoðun sína í ljós og fá að segja hvað þeim finnst. Þar kemur líka fram að það eigi að hafa samráð við börn og unglunga þegar eitthvað er ákveðið sem skiptir þau máli.

Umboðsmaður barna vill að öll börn geti komið skoðunum sínum á framfæri. Hann vill fá að heyra hvað börnum og unglingum finnst mikilvægt og fá ábendingar og tillögur þeirra um það hvernig hægt er að gera betur. Þess vegna er umboðsmaður barna að leita að áhugasömum börnum og unglingum til að taka þátt í sérfræðihópum fatlaðra barna og unglunga.

Það verður einn stúlknaþópur og einn drengjahópur. Við erum að leita að drengjum á aldrinum 12 til 15 ára og stúlkum á aldrinum 15 til 18 ára til að taka þátt í hópunum.

Fundur sérfræðihópanna verða um það bil klukkustundar langir og á þeim verður rætt um réttindi barna og unglunga, skólann, tómstundir, áhugamál og annað sem þátttakendum finnst mikilvægt og vilja ræða.

Ef þú vilt taka þátt þá hefur þú og foreldrar þínir samband við mig og þá mun ég koma og spjalla við ykkur og segja ykkur betur frá verkefninu. Svo verður þér boðið á sérfræðifund með með nokkrum öðrum strákum eða stelpum.

Allt sem fer fram á fundunum er trúnaðarmál, líka nafnið þitt. Ég er bundin þagnarskyldu sem þýðir að ég má ekki segja neinum það sem þú segir mér, ekki einu sinni foreldrum þínum. Ég mun passa vel upp á allar upplýsingar sem ég fæ frá þér og öðrum og geyma þær á öruggum stað meðan á verkefninu stendur. Í lok verkefnisins mun ég taka saman ábendingarnar og tillögurnar frá hópnum og skrifa skýrslu sem umboðsmaður barna mun nota í starfi sínu. Ég passa að nafnið þitt komi hvergi fram.

Þú ræður hvort þú tekur þátt eða ekki. Þótt þú veljir að taka þátt getur þú alltaf hætt við og farið af fundunum. Ef þér líður illa eftir fundina þá getur þú haft samband við Ingu Birnu Sigfúsdóttir sem er félagsráðgjafi hjá Sjónarhóli og rætt við hana um líðan þína.

Ég vona að þú viljir taka þátt og hlakka til að heyra frá þér,

Hrafnhildur



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN